



## 33. þing Skotíþróttasambands Íslands, 14. maí 2011.

Þingið er haldið í ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardag.

### Fundargerð Skotþings.

#### 1. Þingsetning.

Halldór Axelsson, formaður Stí, setur þingið.

#### 2. Kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu stjórnar um:

Vignir J. Jónasson, SR

Björn Snær Guðbrandsson, SA

Jóhann Norðfjörð, SFS

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Nefndin tekur þegar til starfa.

#### 3. Kosning þingforseta og þingritara.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Jóns S. Ólason sem þingforseta.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Jón S. Ólason, þingforseti, tekur til starfa og leggur fram tillögur stjórnar um starfsnefndir þingsins.

#### Fjárhagsnefnd.

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL

Árni Pálsson, SK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

#### Laganefnd.

Halldór Axelsson, SR

Ferdinand Hansen, SÍH

Benedikt G.Waage, SR

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

## **Alsherjarnefnd.**

Jón S. Ólason, SKA

Magnús Guðleifsson, SFK

Jóhann Norðfjörð, SFS

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

## **5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.**

Halldór Axelsson, formaður Stí, flytur skýrslu stjórnar:

### **Skotþing 2011 Skýrsla stjórnar**

Eftir hremmingar í efnahagsmálum og óvissutíma í íþróttastarfsemi, eru málin að skýrast. Allur kostnaður hefur rokið upp og samdráttur ríkis og bæjarfélaga er ljós, einnig hafa styrktaraðilar nánast horfið einu sýnilegu viðbrögð ríkisvaldsins við þessum hremmingum er að kanna hvort ekki sé hægt að skera niður Lotto-tekjur íþróttahreyfingarinnar.

Rekstur Sambandsins er þrátt fyrir þetta í góðu lagi og höfum við getað haldið úti lágmarks afreksstarfi, vegur þar mest styrkur Ólympíusamhjálpur vegna Ásgeirs Sigurgeirssonar og röggsum stjórnun gjaldkera.

Nú hefur þetta ástand varað frá síðustu Ólympíuleikum í um þrjú ár og gerir okkur allt uppbyggingarstarf mjög erfitt. Það hefur aldrei verið eins dýrt að stunda skotiþróttir vegna snarhækkandi verða á skotfærum, byssum og aðstöðugjöldum.

Til að vega á móti þessu ástandi hafa mörg skotfélög ekki hækkað gjaldskrár og jafnvel lækkað til að gera okkur mögulegt að stunda íþróttina. Mikilvægt er að Sambandið og félögin leiti leiða til að auka fjárhagslegan styrk hreyfingarinnar og þrýsti á yfirvöld að sinna íþróttum af alvöru.

Þrátt fyrir mótvind er kraftur í íþróttinni og öflugt starf skotfélagana skilar sér í fjölgun iðkenda og framför í árangri. Mótahald hefur gengið mjög vel frá síðasta þingi. Greinileg fjölgun keppenda er í flestum greinum og frábær árangur í þeim öllum. Bera þar hæst árangrar Ásgeirs Sigurgeirssonar í Frjálsri og loftskambyssu og Arnars Valdimarssonar í Skeet.

Mörg islandsmet hafa verið sett á árinu og verða viðurkenningar fyrir þau veitt hér á eftir. Með frábærum árangri okkar keppnisfólks og stíganda í íþróttinni kemur það ávalt betur í ljós að við eigum mikla möguleika á að eiga sterka keppendur á alþjóðlegum vetvangi og sýnir árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar að þetta er hægt.

Með þeirri þekkingu og aðstöðu sem við höfum núna getum við byggt upp öflugt og faglegt byrjendastarf. Möguleikar okkar til útbreyðslu eru einnig miklir. Lág hlutfall kvenna í íþróttinni, lítið brottfall og hár keppnisaldur skapa okkur aðra markhópa en flestar aðrar íþróttagreinir. Einnig með nýjum vopnalögum mun okkur vonandi verða kleyft að hefja unglingsstarf á svipuðum forsendum og aðrar íþróttir.

Eitt mikilvægasta málið sem STÍ hefur unnið að á undanförunum árum eru ný skotvopnalög, sem leggja átti fyrir Alþingi sumarið 2009. Stjórnin er mjög ánægð með lögin og reglugerðir eins og þau verða lögð fyrir. Það eru mörg atriði sem við höfum lagt til við þessa lagasmíð og voru okkar helstu áherslur: lækkan á aldri þeirra sem mega stunda skotíþróttir, breyttar reglur um íþróttabyssur, þó sér í lagi loftbyssur og um vörslu skotvopna.

Það að lögin hafi enn ekki verið lögð fyrir Alþingi, setur Sambandinu stólinn fyrir dyrnar í afgreiðsu á mörgum mikilvægum málum, eins og uppbyggingu á unglingsstarfi og inlimun nýrra skotgreina. Jón S Ólason fulltrúi STÍ í nefnd til undirbúnings á lögunum, mun undir liðnum önnur mál, kynna áskorun til yfirvalda vegna þessa máls.

Að lokum vil ég þakka samstarfið á liðnu tímabili og hvetja forsvarsmenn skotfélagana til enn öflugara starfs á því næsta.

Halldór Axelsson  
Formaður Stí.

## 6. Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri Stí, skýrir reikningana. Hann ræðir baráttu íþróttahreyfingarinnar við að fá styrki frá hinu opinbera. Hann ræðir ýmsa styrki vegna þátttöku skotmanna erlendis í mótum og kostnað við það.

Þá ræðir Guðmundur ýmsan kostnað við rekstur sambandsins og erfiðleikana við að fá fjármagn til rekstursins. Hann tekur fram að sambandið sé réttu megin við núllið og horfur þess séu góðar, þrátt fyrir erfiðleika í þjóðfélaginu. Hann segir engar skuldir á sambandinu.

Loks geinir Guðmundur frá því að staða Ásgeirs Sigurgeirssonar sé góð fyrir ÓL 2012 í London og unnið sé í þeim málum til að tryggja þá ferð sem best.

- Reikningar sambandsins eru samþykktir samhljóða.

## 7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, kynnir fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta tímabil.

### Fjárhagsáætlun stjórnar 2011

| GJÖLD:                     | Krónur    |
|----------------------------|-----------|
| Þjálfun, kennsla, námskeið | 600.000   |
| Skrifstofukostnaður        | 2.700.000 |
| Þátttaka í erlendum mótum  | 4.500.000 |
| Útgáfa kynningarefnis      | 300.000   |
| Annað ófyrirséð            | 200.000   |

8.300.000

**TEKJUR:**

|                         |           |
|-------------------------|-----------|
| Lottó                   | 1.800.000 |
| Útbreiðslustyrkur       | 1.400.000 |
| Ríkisstyrkur skrifstofu | 2.200.000 |
| Ýmsar tekjur            | 3.000.000 |
|                         | 8.400.000 |

**TEKJUAFGANGUR** 100.000

- **Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjali # 3**

Friðrik Einarsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ tekur til máls.

Friðrik flytur skotþingi kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Hann segir það sinn heiður að fylgjast með starfsemi Stí. Hann segir mikinn metnað í störfum sambandsins og að góður árangur hafi náðst í störfum þess. Friðrik ræðir OL 2012 í London og væntanlega þátttöku Ásgeirs á leikunum. Hann fer yfir ýmsa atburði á erlendri grund sem framundan eru, m.a. Smáþjóðaleikana í Lichtenstein.

Friðrik ræðir drögin sem samin hafa verið um ný vopnalög. Hann ræðir um það hve seint ríkið ætlar að koma þeim í gegnum þingið. Hann telur að ef ný vopnalög verði samþykkt á Alþingi mundi það skapa grundvöll fyrir grasrótina í skotíþróttinni og unglिंगastarfið.

Hann ræðir hve fjármál íþróttahreyfingarinnar séu erfið eftir hrun og að menningargeirinn sjái ofsjónum yfir fjármunun sem fari til íþróttamála.

Þá hvetur Friðrik Stí til að tala máli íþróttarinnar, sem er stærsta sjálfböðahreyfingin í landinu. Hann segir að þegar ný sambönd komi inn í ÍSÍ, dreifast fjármunir íþróttahreyfingarinnar enn meir en áður. Því sé mikilvægt að benda fólki á hvað við séum að gera og að íþróttir séu mikilvægar í þjóðfélaginu og að það vanti meiri fjármuni til að standa undir íþróttum í landinu.

Friðrik vitnar í þing ÍSÍ, þar sem m.a. hafi komið fram að íþróttahreyfingin sé farin að svara meira fyrir sig en áður. M.a. um ásókn í Lottótekur íþróttahreyfingarinnar, en hann segir jafnvel ekki fráleita hugmynd að skipta þeim tekjum með öðrum og fá þá meiri fjármuni í staðin úr öðrum sjóðum.

Þá segir Friðrik mikinn vaxtarmöguleika í skotþíróttinni með nýjum vopnalögum og þá sérstaklega eftir ÓL 2012 í London.

Að lokum segir Friðrik góða stemningu ríkja á skotþingi í ár og hann óskar stjórn Stí alls hins besta í framtíðinni.

**8. Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.**

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram og fellur sá liður niður.

### **9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.**

Jón S. Ólason tekur til máls og kynnir tillögu stjórnar um áskorun til innanríkisráðherra um að leggja drög að nýjum vopnalögum fyrir næsta haustþing.

Hr innanríkisráðherra,  
Ögmundur Jónasson

#### **Áskorun**

Árþing Skotíþróttasamband Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 14. Maí 2011.

Drög að frumvarpi til vopnalaga eins og það var kynnt fyrir stjórn Skotíþróttasambandsins hefur að geyma miklar og mikilvægar umbætur fyrir starfsemi íþróttafélaganna. Nái frumvarpið fram að ganga hrindir löggjöfin úr vegi hindrunum sem komið hafa í veg fyrir að Íslenskir íþróttamenn geti staðið jafnfætis erlendum.

Þá er tekið á mörgum veigamiklum atriðum í frumvarpinu sem réttaróvissa hefur verið um auk þess sem frumvarpið felur í sér mun ákveðnari og nauðsynlegar kröfur er varða öryggi og umgengni um skotvopn.

Stjórn Skotíþróttasambandsins fékk frumvarpið til umsagnar í nóvember 2008. Var það einróma álit stjórnar að vel hafi tekist til við smíði þess og að frumvarpið stefndi að því að íþróttin gæti starfað í mun betra lagaumhverfi.

Langur dráttur hefur orðið á því að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi og enn er unnið eftir eldri vopnalögum sem bæði eru meingölluð og að sumu leiti úrelt.

Vopnalöggjöfin felur í dag, í sér ósanngjarnar og ástæðulausar hömlur á starfsemi íþróttafélaga. Löggjöf sem kemur í veg fyrir að hægt sé að þjálfa upp afreksíþróttamenn er óásættanleg fyrir íþróttafélög enda óþekkt fyrirbrigði í þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við.

Þing Skotíþróttasamband Íslands skorar því á Innanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir því að frumvarp til vopnalaga sem kynnt var stjórn sambandsins verði lagt fram á Alþingi á haustþingi 2011

**Samþykkt á skotþingi 14.05.2011**

- **Tillögurni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali # 4.**

Vignir J. Jónasson formaður Kjörbréfanefndar tekur til máls. Hann les upp nöfn þingfulltrúa og lýsir kjörbréfin lögleg.

**Tillaga um kepnis- og félagsskiptagjald.**

Guðmundur Kr. Gíslason kynnir tillögu stjórnar Stí um um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi og eru skotfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga er um:

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti

Félagaskiptagjald kr. 3,000

- Tillögunni er vísað til Fjárhagsnefndar sem þingskjali # 1

### 10. Þinghlé og nefndir taka til starfa.

### 11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Jón S. Ólason, formaður Alsherjarnefndar, tekur til máls og leggur til að tillögu stjórnar, þingskjal # 4, um áskorun til innanríkisráðherra um að leggja drög að nýjum vopnalögum fyrir næsta haustþing verði samþykkt.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

### 12. Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagaskiptagjald til Stí.

Guðmundur Kr. Gíslason, formaður fjárhagsnefndar, leggur til að tillaga stjórnar um óbreytt keppnis- og félagaskiptagjöld verði samþykkt, samkvæmt þingskjali # 1.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

### 13. Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins í varastjórn.

Tillaga frá fráfarandi stjórn STÍ:

#### **Aðalstjórn:**

Halldór Axelsson, SR, tillaga um formann til 1árs.

Kjartan Friðriksson, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára.

Jóhann Norðfjörð, SFS, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára.

Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára.

#### **Áfram sitja:**

Jórunn Harðardóttir, SR, situr áfram í varastjórn í 1 ár.

Jón S. Ólason, SKA, situr áfram í aðalstjórn í 1 ár.

Guðmundur Kr. Gíslason, SR, situr áfram í aðalstjórn í 1 ár.

- Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ þann 1.apríl 2011. Ekki bárust fleiri framboð og eru því ofangreindir sjálfkjörnir í stjórn.

#### 14. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

##### Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR  
Jónas Hafsteinsson, ÍFL

##### Varamenn:

Hermann Kristjánsson, SR  
Hannes Haraldsson, SFK

#### 15. Kosning þriggja manna í mótanefnd Stí og þriggja til vara.

##### Mótanefnd:

Örn Valdimarsson, SR  
Stefán E. Jónsson, SFK  
Kári Grétarsson, SÍH

##### Varamenn:

Finnur Steingrímsson, SA  
Jórunn Harðardóttir, SR  
Bergþór Pálsson, MAV

#### 16. Kosning þriggja manna í dómarnefnd Stí og þriggja til vara.

##### Dómarnefnd:

Ívar Erlendsson, SÍH  
Steinar Einarsson, SFK  
Guðmundur Kr. Gíslason, SR

##### Varamenn:

Halldór Axelsson, SR  
Áki H. Garðarsson, SA  
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

#### 17 Kosning þriggja manna í aganefnd Stí og þriggja til vara.

##### Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA  
Kjartan Friðriksson, SR  
Halldór Axelsson, SR

##### Varamenn:

Guðmann Jónasson, MAV

Guðmundur H. Brynjarsson, SA  
Jóhann Norðfjörð, SFS

### 18. Kosning þriggja manna í ritnefnd Stí og þriggja til vara.

#### Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Örn Valdimarsson, SR  
Kjartan Friðriksson, SR

#### Varamenn:

Stefán E. Jónsson, SFK  
Ferdinand Hansen, SÍH  
Björn S. Guðbrandsson, SA

### 19. Kosning fulltrúa á ÍSí þing

- Ekki verður haldið ÍSí-þing á árinu og því fellur þessi liður niður.

### 20. Önnur mál.

Halldór Axelsson tekur til máls. Hann ræðir um löggin sem samþykkt voru á s.l. skotþingi um inntöku nýrra skotgreina og að þær greinar hafa ekki verið samþykktar af löggjafanum.

Halldór tekur fram að það þurfi að vinna í þessum málum því meðal þessara greina sé einnig Sporting.

Halldór ræðir skráningar félagana og hvetur forráðamenn skotfélagana að bæta þar úr. m.a. með því að sundurliða ekki iðkendur eftri þeim greinum sem viðkomandi sundar, heldur taka einungis fram heildar iðkendafjölda án tillits hve margir stunda hverja grein.

Halldór fer yfir ýmis mál í starfi hreyfingarinnar, landsliðsmál, að það vanti mannskap til verka og að það vanti fjármagn í starfið. Hann segir ábyrgð vera á of fárra höndum í skothreyfingunni og því þurfi breyta.

Jón S. Ólason, þingforseti, tekur til máls, hann ítrekar að forráðamenn skotfélaga lagfæri skráningarnar, því það sé mikilvægt að hafa þær í lagi.

Nokkrar umræður eru um málið úr sal.

Halldór Axelsson tekur til máls og fer lauslega yfir reglur ÍSí um skráningar iðkenda og telur að 3ja ára afskriftir iðkenda skotfélaga séu eðlilegar.

Þingforseti biður Halldór Axelsson, formann Stí, að veita viðurkenningar fyrir sett íslandsmet á s.l. tímabili.

**Viðurkenningu hljóta:**

Jórunn Harðardóttir SR.  
Guðmundur Helgi Christensen SR  
Ásgeir Sigurgeirsson SR.  
Sigurþór Jóhannesson SÍH  
Íris E. Einarsdóttir SR.  
Númi Ólafsson SFK.  
Steinunn Guðmundsdóttir SKA.

Guðmundur Kr. Gíslason tekur til máls. Hann minnir skotfélögin á að fella niður Stí-gjaldið á mótum fyrir unglinga svo og hvetur hann félögin að fella einnig niður mótagjöld fyrir unglingana.

**21. þingslit.**

Þingforseti biður formann Stí, Halldór Axelsson, að slíta þingi.

Halldór þakkar þingheimi gott þing og slítur þingi.

Þingritari, Kjartan Friðriksson.

---

Þingforseti, Jón S. Ólason.

---